

Aðalfundur Íslandsbanka 2013
Friðrik Sophusson, stjórnarformaður

Fundarstjóri, ágætu aðalfundargestir.

Á undanförunum árum hefur markmið stjórnna Íslandsbanka verið að styrkja innviði og rekstur bankans. Starfsmenn, stjórnendur og stjórn hafa unnið að þessu markmiði með skýrri stefnumörkun og fjölmörgum verkefnum. Traustur rekstur bankans og skýrir og góðir stjórnarhættir bera þessum áherslum glöggvitni.

Þó svo að enn sé fyrir hendi töluverð óvissa í rekstrarumhverfi bankans tel ég að rekstur hans sé kominn í gott jafnvægi. Óvissa liðinna ára hefur vissulega sett mark sitt á starfseminna. Bankinn hefur frá stofnun starfað í samræmi við strangt regluverk Fjármálaeftirlitsins, en eins og flestir vita gerði eftirlitið kröfu um að eiginfjárlutfall bankans væri ekki undir 16% á fyrstu starfsárum hans. Þessi afstaða var nauðsynleg, þegar litið er til þeirrar óvissu sem tengdist lánasöfnum, gengislánadómum og öðrum þáttum í rekstrarumhverfinu og efnahagslífinu almennt. Efnahagur bankans er nú sterkur sem aldrei fyrr en um áramót var eiginfjárlutfall Íslandsbanka 25,5% sem er langt fyrir ofan kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Þó svo að þau tímamörk sem FME setti í þessum efnum séu liðin má lesa í Áhættuskýrslu Íslandsbanka, sem kemur nú út í þriðja sinn, að stjórn Íslandsbanka hefur samþykkt að lágmarksviðmið eiginfjárlutfalls bankans skuli vera 18%. Þetta viðmið byggir á lögbundnu ferli sem bankinn fylgir um eigið mat á eiginfjárbörf og tengist innleiðingu á Basel III eiginfjárreglunum.

Þessi samþykkt stjórnar endurspeglar þá ábyrgu afstöðu bankans að eiginfjárlutfall hans sé ávallt vel yfir lágmarkskröfum FME.

Arður til eigenda

Eignarhald Íslandsbanka hefur haldist óbreytt frá því að kröfuhafar Glitnis og íslenska ríkið náðu samningum um að kröfuhafarnir skyldu eignast 95% í bankanum í október 2009. Sérstakt eignarhaldsfélag, ISB Holding, var stofnað til þess að fara með eignarhlut Glitnis í bankanum. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að núverandi eigendur eignuðust bankann hefur þeim ekki verið greiddur arður af eign sinni. Á sama tíma hefur bankinn lagt um 23 milljarða til samfélagsins í formi skatta og opinberra gjalda. Stjórn bankans hefur því ákveðið að leggja til við aðalfund að greiddur verði hóflegur arður til eigenda, samtals þrjú milljarðar króna, og verður arðurinn greiddur út í íslenskum krónum.

Þessi ákvörðun endurspeglar að rekstargrundvöllur bankans er kominn í ákveðið jafnvægi og útgreiðsla lágmarksarðs er því eðlileg að mati stjórnar.

Regluverk á fjármálamarkaði

Miklar breytingar hafa orðið á regluverki fjármálafyrirtækja frá hrúni. Reglur hafa verið hertar og kröfur um upplýsingagjöf til eftirlitsaðila stóruknar. Það dylst engum að nauðsynlegt var að endurskoða lagaumgjörð og regluverk fjármálakerfisins í kjölfar fjármálakreppunnar. Slík endurskoðun hefur farið fram um allan heim.

Hið viðamikla regluverk birtist í miklum fjölda laga, reglna og tilmæla sem gefin hafa verið út á undanförunum árum. Með þeim er ætlunin að girða fyrir framtíðaráföll. Það er hinsvegar mikilvægt að ganga ekki of langt í þessum efnum. Það verður að ríkja jafnvægi á milli eftirlits og skilvirkni á fjármálamarkaði og gæta þarf að því að kostnaður vegna aukinna krafna eftirlitsaðila fari ekki úr böndum enda lendir sá kostnaður á viðskiptavinum bankanna.

Það sem mestu skiptir er að stjórnvöld og eftirlitsaðilar hafi í huga að umfangsmikið regluverk og eftirlit kemur aldrei í stað ábyrgra og góðra stjórnarháttanna. Virkasta leiðin til þess að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri fjármálafyrirtækja er að tryggja sjálfsábyrgð fyrirtækjanna, stjórnenda þeirra og eigenda.

Starfskjarastefna

Samkvæmt starfskjarastefnu Íslandsbanka er bankanum heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks árangurskerfis sem stjórn bankans samþykkir. Á árinu 2012 gjaldfærði bankinn samtals um 68 milljónir króna. Samkvæmt reglum bankans skulu greiðslurnar miðast við rekstrarafkomu viðkomandi eininga, frammistöðu viðkomandi starfsmanns og afkomu bankans. Er þess sérstaklega gætt að þessar greiðslur hvetji til árangurs á grundvelli rekstrarmarkmiða bankans og samræmist eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum.

Árangurskerfið uppfyllir að öllu leyti reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja og samkvæmt þeim skulu greiðslur aldrei nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi starfsmanns.

Starfskjaramál bankamanna eru umdeild hér á landi sem og annarsstaðar. Það gleymist hinsvegar mjög oft í umræðunni að reglurnar hér á landi eru miklu mun þrengri en það sem tíðkast erlendis. Í því sambandi má benda á að í nágrennalöndum okkar er deilt um hvort þak á slíkar greiðslur eigi að vera 100% eða 200% á meðan það er 25% hér á landi eins og áður sagði.

Nánar er fjallað um fyrirkomulag starfskjarastefnunnar í Áhættuskýrslu bankans, en hún fylgir Ársskýrslunni.

Breytingar á samþykktum

Í síðasta mánuði voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Ekki er ætlunin að fjölyrða um þær breytingar að öðru leyti en því, að ein þeirra leiðir til breytingar á samþykktum fyrir Íslandsbanka og verður tillaga þess efnis afgreidd síðar á fundinum. Hingað til hefur fjármálafyrirtækjum verið skylt að kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn í stjórn. Hér eftir er samkvæmt nýju lögunum einungis skylt að kjósa tvo varamenn. Í samræmi við þessa breytingu hafa eigendur bankans ákveðið að kjósa aðeins tvo varamenn í stað sjö áður.

Af þessu tilefni vil ég þakka þeim sem hafa verið varamenn í stjórn bankans. Reyndar hafa þeir ekki setið stjórnarfundum, en þeir hafa eigi að síður þurft að gangast undi hæfnispróf FME með sama hætti og aðalstjórnarmenn. Þetta er allt hæft og gott fólk og er því óskað velfarnaðar.

Kynjakvóti

Hinn 1. september n.k. taka gildi lög, sem skylda hlutafélög með fleiri en 50 starfsmenn að tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40%. Þessa tilhögun skal taka upp í samþykktir félagsins. Eigendur og stjórn Íslandsbanka munu að sjálfsögðu gera ráðstafanir til að Íslandsbanki fullnægi kröfum laganna áður en þau taka gildi í haust.

Óskaeigendur Íslandsbanka

Nokkur umræða hefur farið fram um eignarhald íslenskra banka. Öllum er ljóst að núverandi hluthafar Íslandsbanka ætla sér ekki að eiga bankann til langframa. Þeir eignuðust bankann tilneyddir og hafa engin bein áhrif haft á rekstur hans.

En hverjir eru þá óskaeigendur Íslandsbanka?

Það sem mestu skiptir fyrir viðskiptamenn, starfsmenn og samfélagið í heild er að bankinn verði í eigu einkaaðila, innlendra eða erlendra, sem ætla sér að stunda fjármálastarfsemi til framtíðar og hafa langtímasjónarmið að leiðarljósi. Þannig getur bankinn best rækt skyldur sínar við viðskiptavinum sína, stutt við uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs og lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

Snjóhengjan og gjaldeyrishöftin

Mikið hefur verið fjallað um snjóhengjuna svokölluðu og gjaldeyrishöftin að undanförunu, ekki síst á hinu pólitíska sviði. Ekki ætla ég að hætta mér inn á það jarðsprengjusvæði þegar svo skammt er til Alþingiskosninga. Ég tel þó nauðsynlegt að undirstrika mikilvægi þess að stjórnvöld móti skýra og trúverðuga stefnu um afnám gjaldeyrishaftanna. Skaðsemi þeirra fyrir atvinnu- og efnahagslíf er augljós þar sem íslensk fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum

gefa á endanum starfsemi sína hér á landi upp á bátinn og flytja hana úr landi. Þá hamla þau gegn nauðsynlegri erlendri fjárfestingu hér á landi. Einnig er ljóst að gjaldeyrishöftin hvetja til bóllumyndunar í hagkerfinu en það er áhyggjuefni sem stjórnvöld og aðilar í viðskiptalífi mega ekki loka augunum fyrir.

Stjórnámálamenn verða að sýna ábyrgð og hugsa dæmið til enda. Sagan hefur sýnt að besta leiðin til þess að bæta hag fjölskyldna í landinu er að efla atvinnulífið og tryggja stöðugleika með því að greiða niður skuldir hins opinbera og halda verðbólgu í lágmarki.

Ágætu aðalfundargestir

Þegar ég horfi um öxl er ég afar ánægður með þann árangur sem starfsmenn og stjórnendur Íslandsbanka hafa náð á undanförunum árum. Það hefur verið sérlega ánægjulegt að starfa í núverandi stjórn en þeir stjórnarmenn sem setið hafa í stjórn á síðastliðnum þremur árum hafa langflestir mikla og fjölbreytta reynslu af fjármálastarfsemi sem hefur nýst afar vel í störfum stjórnarinnar. Rekstrarniðurstöðurnar tala sínu máli, en Birna Einarsdóttir, bankastjóri, mun kynna þær hér á eftir.

Ég vil þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Eins vil ég, fyrir hönd stjórnar, koma á framfæri þökkum til starfsmanna og stjórnenda bankans fyrir gott og metnaðarfullt starf. Einnig vil ég þakka hluthöfum bankans, ISB Holding og Bankasýslunni, fyrir ánægjulegt samstarf og sérstakar þakkir færi ég Tryggva Pálssyni, fyrrverandi formanni stjórnar ISB Holding, sem í gær tók við stjórnarformennsku í Landsbankanum á aðalfundi hans. Þótt hann hafi fyrirvaralítið skipt um félag, fylgja honum góðar óskir í formannsstarfi hjá keppinautnum.

Með fjárfestingu í innri starfsemi, tækniþróun og öflugum starfsfólki hefur Íslandsbanki náð góðum árangri í rekstri og þjónustu. Öflugur rekstur og góð þjónusta byggja á starfsfólkinu og skilningi þess á þörfum og kröfum viðskiptavina bankans. Þetta á við um alla starfsmenn bankans, hvort sem þeir starfa í framlínu eða bakvinnslu. Öll störf þeirra snúast um að gera bankanum kleift að þjóna viðskiptavinunum og hjálpa honum að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, hvort sem hann vill ávaxta fé sitt, fjárfesta í atvinnutækifæri eða koma sér þaki yfir höfuðið.

Mikilvægasta samfélagshlutverk Íslandsbanka er að veita fjármagni til fjárfestinga og uppbyggingar í íslensku atvinnulífi með heilbrigða og góða viðskiptahætti að leiðarljósi. Það er hlutverk okkar að starfa með fyrirtækjum og einstaklingum í landinu, hvetja þau til fjárfestinga og efla þannig einkaframtak og fyrirtækjarekstur sem er grundvöllur góðra lífskjara þjóðarinnar.

Þetta hlutverk viljum við rækja af alúð og ábyrgð, viðskiptavinum, starfsmönnum og eigendum Íslandsbanka til heilla.

Takk fyrir.